

1865.
13. maí.

í suðurumdæminu, eins og stiptamtmaðurinn lýsir því í skýrslu sinni, er allgott, álitur dómsmálastjórnin ekki vera ástæða til að fyrir skipa, að settur sé þesskonar fjárvörður, sem beðið er um í bænarskrám þeim frá tveim sýslufundum, öðrum í Húnavatns og hinum í Eyjafjarðar sýslu, er hingað hafa borizt með bréfi yðar, dagsettu 20. febrúarmán, þ. á.

1. júní.

33. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að kunngjöra úrskurði stjórnarráðanna á íslenzku.¹

Í þegnlegri bænarskrá fra síðasta alþingi, um að íslenzk tunga sé við höfð í öllum embættisbréfum, er snerta Ísland, er kvartað yfir því, að embættismennirnir á Íslandi stundum birti hlutadeigendum þar bréf og úrskurði stjórnarráðanna á dönsku. Útaf þessu eruð þér, herra stiptamtmaður, beðnir um að sjá um og áminna embættismenn þá og embættisþjóna, er heyra undir yður sem amtmann í suðurumdæminu, að gæta þess vandlega, að allir úrskurðir stjórnarráðanna seu á íslenzkri tungu birtir þeim íbúum landsins, er eigi mæla á dönsku.

9. júní.

34. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1863.

Vér Kristján hinn Níundi, og svo frv., sendum Voru trúa alþingi kveðju guðs og Vora!

Af því, sem gjörzt hefir á alþingi árið 1863, höfum Vér seð með allrahæstri ánægju, hvernig alþingismenn Vorir hafa leitazt við að efla Vort gagn og hag landsins.

¹⁾ Sama dag ritadi dómsmálastjórnin hinum amtmönnum og stipts-
yfírvöldunum bréf sama efnis.